


41. Siglingaþing 22. febrúar 2014

Siglingasamband Íslands

Ársskýrsla og reikningar



SIGLINGASAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöð Laugardal, 104 Reykjavík
Sími: 514-4210 Fax: 514-4001
E-mail: sil@isisport.is



Efnisyfirlit

Dagskrá Siglingaþings

Skýrsla formanns

Úrlsit móta

Lög SÍL

Ársreikningur 2014

Skýrsla 41. Siglingaþings var unninn af Úlfi H. Hróbjartssyni í febrúar 2014

Umbrot og hönnun Úlfur H. Hróbjartsson

Höfundar efnis
Úlfur H. Hróbjartsson

Ljósmyndir
Eru fengnar af heimasíðum aðildafélaga SÍL og mbl.is

Prentun
Skrifstofa ÍSÍ

Dagskrá 41. siglingaþings

Haldið í íþróttamiðstöðinni Laugardal
22. febrúar 2013

1. Formaður setur þing.
2. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar
3. Kjörinn þingforseti.
4. Kjörnir 1. og 2. þingritari
5. Ávörp gesta
6. Álit kjörbréfanefndar lagt fram og samþykktar
7. Kosning fastanefnda
 - a) Fjárhagsnefnd 3 manna
 - b) Laga og leikreglanefnd 3 manna
8. Lögð fram skýrsla stjórnar
9. Lagður fram til samþykktar endurskoðaður rekstrar og efnahagsreikningur liðins árs af félagslega kjörnum skoðendum reikninga félagsins.
10. Umræður um skýrslu stjórnar
11. Umræður um og samþykkt reikninga
12. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta fjárhagsár
13. Lagabreytingatillögur
14. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði
15. Önnur mál: Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið
16. Tillögur fjárhagsnefndar
17. Kosningar
 - a) Stjórn og varastjórn sbr 6 gr.
 - b) Tveir félagslega kjörnir skoðunarmenn reikninga (sbr. lið 2.2).
 - c) Fulltrúa á íþróttþing í samræmi við reglur ÍSÍ
18. Þingslit

Fjöldi iðkenda samanburður 2012-2013

Héraðssamband/félög	2012	2013
Íþróttabandalga Reykjavíkur		
Brokey, siglingafélag Reykjavíkur	139	173
Kayakklúbbur Reykjavíkur	497	497
Ungmennafélag Kjalarnesþings		
Siglingafélagið Ýmir	246	250
Íþróttabandalaga Akureyrar		
Siglingafélagið Nökkvi	54	54
Íþróttabandalag Hafnarfjarðar		
Siglingaklúbburinn Pytur	425	476
Héraðssamband Snæfells og Hnappadalssýslu		
Siglingadeild Snæfells	25	25
Héraðssamband Vestfirðinga		
Siglingafélagið Sæfari	43	50
Ungmennasamband Skagafjarðar		
Siglingaklúbburinn Drangey	64	69
Héraðssamband Þingeyinga		
Siglingadeild Völsungs	-	-
Alls	1.493	1.594

Stjórn SÍL

Kjörin á 40. siglingaþingi

Formaður:	Úlfur H. Hróbjartsson
Varaformaður:	Trausti Ævarsson
Ritari:	Anna Ólöf Kristófersdóttir
Gjaldkeri:	Sigurjón Hjartarson
Meðstjórnandi:	Klara Bjartmarz
Varastjór:	Martin Swift
Varastjór:	Rúnar Þór Björnsson
Varastjór:	Ólafur Mór Ó

Heiðursformaður: Ari Bergmann Einarsson



Skýrsla Formanns



Velkomin á 41. Siglingaþing.
Á síðasta ári fagnaði Siglingasambandið 40 ára afmæli sínu. Stofnufundur félagsins var haldinn hér í Laugardalnum þann 25 október 1973 og vour mættir fulltrúar frá fimm héraðssamböndum sem stóðu að stofnun sambandsins. SÍL varð þá 15. sersambandið innan ÍSÍ.

Í tilefni afmælisins var efnt ljósmyndasamkeppni í samvinnu við Morgunblaðið/MBL.is og Nýherja. Keppnin var feykivinsæl og mörg hundruð myndir voru sendar inn. Hugmyndir landans um siglingar komu berlega í ljós í þessari keppni en vel flestar myndir voru af trillium og fiskiskipum. Fyrstu verðlaun voru ekki af verri endanum vatnsheld myndavéla frá Canon. Verðlaunahafar voru þau Ásgeir Eggertsson í fyrsta sæti fyrir mynd sína "Á góðri siglingu á Topper Topaz" í öðru sæti varð Kristján Unnar Kristjánsson með myndina Lognið á undan storminum og í þriðja sæti varð Anna Kristín Gylfadóttir fyrir myndina Kajak og sólsetur við Elliðavatn. Myndirnar prýða forsiðu þessarar skýrslu.

Fleira var gert í tilefni afmælisins í október var m.a. haldið málþing SÍL. Þar var farið yfir starfsemi aðildarféлага SÍL og þau gerðu stutta grein fyrir starfi sínu. Anna og Úlfur gerður grein fyri starfsemi SÍL og mentunarmálum í alþjóðlegu samhengi. Að auki fengum við góða gesti á þingið þeir Ómar Smáráson og Hilmar Þór Guðmundsson úr markaðsdeild KSÍ komu og sögðu frá sínu starfi. Þeir fjölluðu sérstaklega um samskipti við fjölmiðla og hvernig mætti auka áhuga þeirra á umfjöllun um siglingar. Miklar umræður spunnust um mál þeirra og kveiknuðu margar hugmyndir. Meðal þess sem fram kom í máli þeirra var að til þess að komast að hjá styrktaraðlinum þá þyrfti að tryggja umfjöllun um íþróttina. Hafa þyrfti aðila ábyrgan fyrir móttöku og upplýsingum til fjölmiðla öll mót. Góð aðferð til að kynna íþróttafrettamönnum greinina væri m.a. að bjóða þeim í siglingu og síðan í skemmtilegt boð.

Á málþinginu voru heiðraðir tveir siglingamenn sem unnið hafa gott starf fyrir siglingaíþróttina í fjölmörg ár. Það voru þau Margrét Björnsdóttir fyrrum formaður Ýmis sem m.a. hefur staðið fyrir uppbyggingu á aðstöðu félagsins í Kópavogi og Hafsteinn Ægir Geirsson sem keppti í siglingum fyrir Íslands hönd Ólympíuleikum 2000 og 2004. Bæði hlutu þau gullmerki SÍL.

Á síðasta Siglingaþingi voru samþykkt ný lög sambandsins sem m.a. höfðu það að markmiði að laga vinnubrögð sambandsins að nútímalegri háttum og skerpa á tilgangi þess og markmiðum. Meðal breytinga er að það eru fjöldi fulltrúa og þar með atkvæða er nú skipt jafnt á aðildarfélag sambandsins. Sú skipan einfaldar útreikninga um fjöldi fulltrúa og jafnræði myndast milli félaga innan SÍL óháð stærð. Þessi aðferð er í samræmi við starfsemi flestra alþjóðlegra íþróttasambanda. Með þessu skapast jafnræði á milli félaganna og styrkir þau í að vinna að sameiginlegum markmiðum.

Í byrjun árs gekkst sambandið fyrir sameiginlegum æfingum fyrir kænusiglingamenn þar sá Ólafur Víðir Ólafsson þjálfari úr Ými um þrek og innanhús æfingar bæði hér fyrir sunnan og á Akureyri. Þátttakendur voru úr Brokey Nökkva og Ými og gengu æfingar ágætlega. Markmið æfingana var tvíþætt annars vegar að koma á stað slíkum æfingum og fá siglingafélögin til að taka upp hanskann og skipuleggja frekara vetrarstarf. Á vordögum sótti Úlfur H. Hróbjartsson "Development symposium" (Útbreyðslu ráðstefna) á vegum alþjóða siglingasambandsins ISAF í Oman og flutti þar fyrirlestur um uppbyggingu afreksstarfs. Megin efni fyrirlestursins var samhengi á milli hins svokallaða afreks píramída og brottfalls úr íþróttum. Góður rómur var gerður að fyrirlestrinum og spunnust um hann miklar umræður.

Vorið var seint á ferðinni hér á Íslandi 2013 og setti það mark sitt á starfið í sumar. Ótíðin bitnaði þó hvað verst á Guðna Páli Viktorssyni sem lagði í af stað í hringróður umhverfis landið á Kayak í lok apríl. Við fengum að fyligast með hringferðinni í fjölmiðlum og þeim erfiðu aðstæðum sem hann lenti í. Ferðin tók hann þrjú mánuði og tók á bæði líkama og sál. Guðni Páll er annar Íslendingurinn til að ljúka slíkum róðri.

Nýtt aðalskipulag Kópavogs og Reykjavíkur kallaði á mikla vinnu af hálfu Siglingasambandsins. Hugmynd um reiðhjóla og göngubrú yfir Fossvog var kynnt í vor með viðamikilli skýrslu um kosti slíkrar brúar. Skýrslan var eins og beðið var um og greindi frá helstu kostum slíkrar brúar en tók ekki á göllum eða ókostum við gerð og staðsetningu hennar. Ljóst er að slík brú lokar fyrir starfsemi bæði Brokeyjar og Ýmis í núverandi mynd við Fossvog auk þess sem hún veldur miklum vanda í starfi Siglunes og Ylstrandarinnar. SÍL vann ásamt siglingafélögunum ítarlega greinargerð um galla brúarinnarstæðisins, bæði er varðar áhrif hennar á siglingar og um vind og sjólag á brúarstæðinu sjálfu. Mikil vinna fór í að safna gögnum og mótmælendum gegn fyrirhugaðri brú. Mótmælaláttur frá Héraðssamböndum, siglingafélagum, SÍL og alþjóða siglingasambandinu ISAF. Þrátt fyrir mikil mótmæli er brúin nú í aðalskipulagi Kópavogs og Reykjavíkur. Það á því eftir að endurtaka mótmælin þegar kemur að deiliskipulagi svæðisins. Það er í raun ólíkandi að yfirvöld skulu leifa sér að leggja svo mikinn þránd í götu félaga sem barist hafa í 40 ár fyrir þeirri aðstöðu sem þau hafa í dag án þess að ætla að koma nokkrum bótum við. Forsvarsmenn félaganna hafa nóg að gera við að reyna að byggja þau upp í stað þess að þurfa sí og æ að standa í baráttu um tilverurétt félaganna og verja þá aðstöðu sem þó þau hafa.

Á árinu komu fimm kænur til landsins fyrir tilstuðlan SÍL tvær notaðar Laser kænur og þrjár Topper Omega kænur fyrir Siglunes/ÍTR. Laser kænurnar voru keyptar notaðar frá Bretlandi og fóru í einkaeign. Þrátt fyrir að verðið væri umtalsvert lægra á þeim í Bretlandi heldur en nýjum bátum þá munar ótrúlega litlu þegar hingað heima er komið, munar þar fyrst og fremst um virðisaukaskatt sem leggst á vörur þegar þær koma til landsins án þess að samskonar skattur dragist frá erlendis. Þetta er mikill dragbitur á að flytja inn ódýra báta sem geta orðið eign yngra siglingafólks. Leita verður leiða til að ungt fólk geti eignast sína eigin báta svo íþróttin eigi möguleika á að stækka. Siglingafélögin geta ekki endalaust bætt við sig af bátum sem þeir lána eða leigja félögum. Það er því nauðsynlegt að koma upp flota af bátum í einkaeign og skapa markað fyrir notaða báta.

Mótahald í sumar gekk ágætlega þrátt fyrir rysjóttu tíð. Eithvað var um að mót féllu niður þá sérstaklega kayakmót utan höfuðborgarsvæðisins og eitt kjölbátamót sem skaraðist á við Æfingabúðir á Akureyri. Reyna verður að koma í veg fyrir slíkt og hvort sem er með að aðstoða minni félög til að halda mót eða með betra skipulagi á mótaskrá. Nokkur ósamræmis gætti í mótahaldi í siglingakeppnum í sumar þá sérstaklega í framkvæmd og kostnaði. Af þeim sökum var m.a. sett af stað nefnd á vegum SÍL til að koma með tillögur að betra utan umhaldi og framkvæmd siglingamóta. Niðurstöðum nefndarinnar er að vænta á næstu mánuðum. Æfingabúðir SÍL voru haldnar á Akureyri og voru með nokkru öðru sniði en venjulega. Tveir erlendir þjálfarar voru á svæðinu kunningi okkar Tom Wilson sem hefur komið á æfingabúðirnar í fjölmörg ár og Alberte Lindberg frá Danmörku sem áður hefur komið til að þjálfna á Akureyri. Æfingabúðunum lauk með móti að vanda og var það að þessu sinni helgað afmæli Nökkva en þetta elsta siglingafélag landsins náði 50 ára aldri í vor.

Tom Wilson hafði einnig viðdvöl í þremur siglingafélögum fyrir æfingabúðirnar þar sem hann tók þátt í barnstarfinu og fylgdist vel með hvernig starfið fór fram og hvað mætti betur fara. Tom skilað af sér skýrslum til félaganna með tillögum um úrbætur sem þau eru að vinna úr fyrir komandi sumar.

Í september fór Björn Heiðar Rúnarsson Nökkva utan til að taka þátt í æfingabúðum í Santander og mjög sterku æfingamóti fyrir heimsmeistaramotoið næsta ár. Hulda Lilja fór síðan í nóvember til Santander ásamt Önnu Ólöfu Kristófersdóttur þjálfara til æfinga. Björn og Hulda Lilja Hannesdóttir úr Brokey hafa verið í tveggja ára programmi á vegum alþjóða Olympiasambandsins, ISAF og Spænska siglingasambandsins til þar sem þau hljóta þjálfun og leiðsögn hjá færustu þjálfurum Spánverja og undirbúa sig undir þátttöku í heimsmeistaramotoinu í siglingum í Santander nú í haust.

Í haust var Kjölbátasambandið endurvakið eftir nokkuð langan svefn. Það er frábært að sambandið hafi sé vaknað á ný og margir frábærir fyrirlestrar hafa verið haldnir í vetur. Nýja stórn sambandsins skipa þeir Friðrik Friðriksson formaður, Páll Hreinsson varaformaður, Egill Kolbeinson ritari, Jón Alfonsson gjaldkeri, Ármann Jóhannesson meðstjórnandi, Arnar Jónsson varamaður, Sigurður Jónsson varamaður.

Lokahóf SÍL var haldið í haust í kjölfar málþings. Þar gaf Kjölbátasambandið Siglingasambandinu veglega afmælisgjöf fjárstyrk til handa barna- og unglíngastarfs SÍL. Er sambandinu sérlega þakkað fyrir höfðinglega gjöf. Hefðbundin verðlaun voru veitt á lokahófinu fyrir afrkek og árangur á árinu. Siglingamaður ársins var Björn Heiðar Rúnarsson frá Nökkva Akureyri og siglingakona ársins var Hulda Lilja Hannesdóttir úr Brokey Reykjavík. Kayakkona ársins var Þóra Atladóttir. Henni var einngi afhent verðlaun fyrir Íslandsmeistaratitil á sjúkayak kvenna á lokahófinu. Kayakmaður ársins var Sveinn Axel Sveinsson. Sveinn Axel varð Íslandsmeistari á árinu í fyrsta sinn.

Ævintýrabíkarinn hlaut Guðni Páll Viktorsson fyrir hringferð sína. Guðni Páll er sá kayakmaður sem mest hefur verið í fréttum á árinu 2013. Ferðin var öll hin ævintýralegasta og er það mál manna að líklega hafi enginn hringfari þurft að glíma við svo krefjandi veðurastæður áður. Íslandsbíkarinn fór hlaut áhöfnin á Dögum en þeir sigruðu á flestum mó-

tum sumarsins sem þeir tóku þátt í, þar með talið Íslandsmeistaramotoinu. Það er orðið að hefð að afhenda þeim bíkarinn enda hafa þeir nú unnið hann fimm ár í röð.

Siglingarefni ársins eða efnilegasti siglingamaðurinn er var í ár valin Hrefna Ásgeirsdóttir hún hefur staðið sig einstaklega vel í sumar og varð Íslandsmeistari í flokki Laser 4.7 hún hefur sýnt að hún er frábær íþróttamaður.

Aðalfundur ISAF var haldin í Oman í November. Ný stjórn hefur nú tekið við sambandinu og bar fundurinn þess merki. Fundurinn bar þess merki að vera fyrsti fundur nýrrar stjórnar eftir mikil átök í kringum kosningar á síðasta aðalfundi. Tæplega 140 tillögur lágu fyrir þinginu og tekur tíma að koma þeim í gegnum nefndir og stjórn sambandsins. Fundartími var þó nokkur styttri nú en venjulega en enda eitt af markmiðum nýrrar stjórnar að fækka fundum og stytta fundartíma til að lækka þátttökukostnað. Flestar nefndir eru einnig nýskipaðar og fór því fyrstu fundir í að kynna nefndarmönnum auk afgreiðslu þeirra mála sem fyrir lágu. Íslendingar eiga tvo nefndarfulltrúa hjá ISAF það eru þeir Birgir Ari Hilmarsson í Regional Games Committee og Úlfur Helgi Hróbjartsson sem er í Development and Youth Committee. Nefndirnar starfa ekki aðeins á þinginu heldur starfa þær einnig á milli þinga.

Á síðasta ári var starfsmaður SÍL aðeins einn til að stemma stigu við tap frá fyrra ári. Tekist hefur að rétta úr kútnum og er staða sambandsins nokkuð góð. Ríkisstyrkur til sérsambanda hefur skipt sköpum í að gera sambandinu kleyft að halda úti starfsmanni og efla þannig starf sambandsins. Framlag ríkisins er þó lágt og dugur vart til. Á síðasta ári fékk sambandið um 2 milljóni í beinu framlagi, en til gamans má geta að skattar og tryggingajöld til hins opinbera vegna starfsemi SÍL námu rúmum 3 milljónum.

Í ljósi reynslu SÍL af því að hafa starfsmann finnst undirrituðum borðleggjandi að slíkt er líka nauðsynlegt fyrir aðildarfélögin. Ekki aðeins dregur það úr álagi á stjórnarmenn og sjálfboðaliða heldur kemur það á betra utanumhaldi um daglegan rekstur og skildur, og gefur það stjórnarmönnum betri tíma til að sinna uppbyggingu félagsins og þróun. Það er augljós hagur er fyrir sveitarfélög að geta boðið upp á alvöru fjölbreytni í tómstundastarfi og kostnaður við eitt stöðugildi er lítill í samhengi við stóru myndina.

Framundan eru fleir verkefni á sviði útbreiðslu siglingaíþróttarinnar, meðal annars er í undirbúningi verkefni þar sem komið er á tengingu við útikennslu skóla og siglingfélaga. Einnig eru framundan enn frekari áfangar í menntun og þá sérstaklega er varðar keppnisstjórn og þjálfaramenntun.

SÍL hefur nú lagt til flest öll verkfæri til að byggja upp öflugt barna og unglíngastarf og það er í hlut siglingafélaganna að taka upp þessi verkfæri og nýta þau til uppbyggingar á eigin starfi.

Á komandi ári verður afreksstarfið tekið enn fastar í tókum. Slíkt starf er kostnaðarsamt og útheimtir mikla vinnu bæði keppenda og aðstandenda. Koma þarf á skipulagi um þær leiðir sem eru í boði fyrir okkar afreksfólk og hver verkaskipting er í slíku starfi milli heimila, SÍL og siglingafélaga.

Úlfur H. Hróbjartsson

SIGLINGASAMBAND ÍSLANDS



Úrslit 2013

Reykjavíkurbíkar (Sjókayak)

3 km konur

Röð	Nafn	Gerð markeips	Euro-ár	Grænlensk ár	Vængár	Tími	Keppnisnúmer
1	María Lovísa Breiðdal	Valley Nordkapp	X			0:32:54	26

10 km konur

Röð	Nafn	Gerð markeips	Euro-ár	Grænlensk ár	Vængár	Tími	Keppnisnúmer
1	Póra Atladóttir	Valley Nordkapp LV	X			1:07:12	13
2	Klara Bjartmarz	NDK Explorer	X			1:07:43	29
3	Inga Dagmar	Point XP18			X	1:11:55	28
4	Perla Thorsteinsson	Sea Wolf	X			1:16:34	8

3 km karlar

Enginn þátttakandi

10 km karlar - Keppniskeipar

Röð	Nafn	Gerð markeips	Euro-ár	Grænlensk ár	Vængár	Tími	Keppnisnúmer
1	Ólafur Einarsson	Stellar			X	0:51:40	20
2	Eymundur Ingimundarson	Raipar			X	0:54:17	10
3	Gunnar Svanberg	Raipar			X	0:56:45	16
4	Bernhard Kristinn	Ocean X			X	0:57:04	24

10 km karlar - Ferðakeipar

Röð	Nafn	Gerð markeips	Euro-ár	Grænlensk ár	Vængár	Tími	Keppnisnúmer
1	Sveinn Axel Sveinsson	Kirton - Inuk			X	0:58:26	11
2	Guðmundur Breiðdal	Kirton - Inuk			X	1:00:21	30
3	Örlygur Sigurjónsson	Valley Q	X			1:01:44	21
4	Páll Reynisson	NDK Explorer	X			1:04:37	14
5	Egill Þorsteinsson	Tahe Greenlander			X	1:04:46	6
6	Sigurður Sig.	Kittiwec	X			1:05:02	4
7	Höskuldur Tryggvason	Sea Wolf			X	1:09:01	3
8	Ágúst Ingi Sigurðsson	Heimasmíðaður		X		1:10:31	25

Hallarbíkarinn

Röð	Ferðabátaflokkur Karla	Keipur	Tími
1	Sveinn Axel Sveinsson	Kirton Inuk	33:11:00
2	Örlygur Steinn Sigurjónsson	Gothab lettman	35:10:00
3	Egill Þorsteinsson	Tahe	37:40:00
4	Höskuldur Tryggvason	Sea Wolf	38:11:00
5	Ingimundur Stefánsson	Valley Aquanaut	43:03:00
6	Stígur Már Karlsson	Prijon Seayak	

Röð	Keppnisbátaflokkur Karla	Keipur	Tími
1	Torben Gregersen	Cleaver	30:00:00
2	Bernhard Ingimundarson	Ocean X	33:00:00
3	Gunnar Svanberg Skúlason	Rapier	35:07:00
4	Ólafur Einarsson	Andvari	38:48:00

Röð	Ferðabátaflokkur Kvenna	Keipur	Tími
1	Póra Atladóttir	Nordkapp	38:55:00
2	Klara Bjartmarz	Romany	39:56:00
3	Inga Dagmar Karlsdóttir	Point 65	40:33:00
4	Björg Kjartansdóttir	Lettman	42:10:00



Hálfmaraþon

Konur í ferðakeip

Röð	Nafn keppanda	Heildartími	Gerð markeips	Euro ár	Grænensk	Vængár	Keppnisnr
1	Póra Atladóttir	2:37:27	Rockpool Taran	X			21
2	Klara Bjartmarz	2:45:04	NDK Explorer	X			26

Karlar í keppniskeip

Röð	Nafn keppanda	Heildartími	Gerð markeips	Euro ár	Grænensk	Vængár	Keppnis
1	Ólafur Einarsson	2:15:05	Dominator XL			X	4
2	Bernhard Kristinn	2:25:55	Dominator XL			X	25
3	Gunnar Svanberg	2:27:05	Dominator XL			X	29

Karlar í ferðakeip

Röð	Nafn keppanda	Heildartími	Gerð markeips	Euro ár	Grænensk	Vængár	Keppnis
1	Eymundur Ingimundars.	2:16:07	Kirton Inuk			X	22
2	Sveinn Axel Sveinsson	2:16:45	Rockpool Taran			X	30
3	Gunnar Ingi Gunnarsson	2:31:23	Valley Nordcap	X			14
4	Egill Þorsteins	2:33:52	Rockpool Taran			X	9
5	Össur Imsland	2:43:56	NDK Explorer		X		17

Reykjavikurbíkarinn

Hallarbíkarinn

Hálfmaraþon

Karlaflokkur

	ferðakeipur	Keppniskeipur	ferðakeipur	Keppniskeipur	ferðakeipur	Keppniskeipur	Samtals
Sveinn Axel Sveinsson	100		100		80		280
Ólafur Einarsson		100		50		100	250
Bernhard Kristinn Ingimundarson		50		80		80	210
Eymundur Ingimundarson		80			100		180
Gunnar Svanberg		60		60		60	180
Egill Þorsteinsson	45		60		50		155
Örlygur Steinn Sigurjónsson	60		80				140
Torben Gregersen				100			100
Höskuldur Tryggvason	36		50				86
Guðmundur Breiðdal	80						80
Gunnar Ingi Gunnarsson					60		60
Páll Reynisson	50						50
Össur Imsland					45		45
Ingimundur Stefánsson			45				45
Stígur Már Karlsson			40				40
Sigurður Sig.	40						40
Ágúst Ingi Sigurðsson	32						32

Kvennaflokkur

	Ferðakeipur	Keppniskeipur	Ferðakeipur	Keppniskeipur	ferðakeipur	Keppniskeipur	Samtals
Póra Atladóttir	100		100		100		300
Klara Bjartmarz	80		80		80		240
Inga Dambar Karlsdóttir	60		60				120
Björg Kjartansdóttir			50				50
Perla Thorsteinsson	50						50



Opnunarmót kæna

Opinn flokkur

Röð	Tegund	Skipstjóri	Áhöfn	Félag	K1	K2	K3	Alls
1.	Laser Standard	Björn Heiðar Rúnarsson		Nökkvi	1.0	2.0	1.0	4.0
2.	29er	Aðalsteinn Jens Loftsson	Eyþór Pétur Aðalsteinsson	Ýmir	4.0	1.0	2.0	7.0
3.	Laser Radial	Þorlákur Sigurðsson		Nökkvi	2.0	3.0	3.0	8.0
4.	Laser Radial	Sigurður Seán Sigurðsson		Nökkvi	3.0	4.0	4.0	11.0
5.	Laser 4,7	Hrefna Ásgeirsdóttir		Brokey	5.0	5.0	5.0	15.0
6.	Laser Radial	Hulda Lilja Hannesdóttir		Brokey	11.0 DNF	6.0	6.0	23.0
7.	Laser 4,7	Búi Fannar Ólafsson		Ýmir	11.0 DNF	7.0	7.0	24.0
8.	Laser 4,7	Baldvin Jóhannesson		Ýmir	11.0 OCS	8.0	8.0	27.0
9.	Laser 4,7	Huldar Hlynsson		Ýmir	6.0	11.0 DNS	11.0 DNC	28.0
10.	Laser Standard	Daníel Friðriksson		Ýmir	11.0 DNF	11.0 DNC	11.0 DNC	33.0

Optimist

Röð	Skipstjóri	Félag	K1	K2	K3	Alls
1.	Gunnar Bjarki Jónsson	Ýmir	2.0	1.0		3.0
2.	Þorgeir Ólafsson	Brokey	1.0	2.0		3.0
3.	Andrés Núi Arnarsson	Brokey	3.0	3.0		6.0
4.	Ásgeir Kjartansson	Brokey	4.0	4.0		8.0



Miðsumarmót

Optimist

Nafn	Flokkur	Félag	Samtals	Sæti
Þorgeir Ólafsson	A	Brokey	4	1
Gunnar Bjarki Jónsson	A	Ýmir	10	2
Andrés Núi Arnarsson	A	Brokey	11	3
Ásgeir Kjartansson	A	Brokey	15	4

Opinn flokkur

Nafn	bátur	Félag	Samtals	Sæti
Björn heidar Rúnarsson	Laser standard	Nökkvi	4	1
Hulda Lilja Hannesdóttir	Laser radial	Brokey	9	2
Búi Fannar Ívarsson 7	Laser 4,7	Ýmir	13	3
Hrefna Ásgeirsdóttir 111	Laser 4,7	Ýmir	14	4
Baldvin Jóhannesson	Laser 4,7	Brokey	22	5
Aðalsteinn Jens Loftsson	29er	Ýmir	22	6
/Eyþór Pétur Aðalsteinsson				

Íslandsmót kæna



Optimist A

Nafn	Flokkur	Klúbbur	Keppni 1	Keppni 2	Keppni 3	Keppni 4	Keppni 5	Keppni 6	Samtals	Sæti
Porgeir Ólafsson	A	Brokey	2	5	1	1	1	1	10	1
Gunnar Bjarki Jónsson	A	Ýmir	1	3	1	2	3		10	2
Friðrik Valur Elíasson	A	Nökkvi	3	2	4	3		2	14	3
Andrés Núi Arnarsson	A	Brokey	4	1	3		4	3	15	4
Ásgeir Kjartansson	A	Brokey		4	2	4	2	4	16	5

Optimist B

Pór Wium	B	Nökkvi	1	1	2	1	1		6	1
Aron Sigurjónsson	B	Nökkvi	2	2	1	2		1	8	2
Atli Gauti Ákason	B	Brokey	3	3	3	3	3		15	3
Máni	B	Pytur	4	4	4	4	4	4	20	4
Bergþór Bjarkasson	B	Pytur	7	7	7	7	5	6	32	5
Steindór Máni Auðunsson	B	Pytur	7	7	7	7	6	5	32	5

Opinn flokkur

Nafn	Bátur	Félag	Keppni 1	Keppni 2	Keppni 3	Keppni 4	Keppni 5	Keppni 6	Samtal
Björn Rúnarsson	Laser standard	Nökkvi	1	1	1	1		1	5
Hrefna Ásgeirsdóttir	Laser 4.7	Brokey		2	2	2	1	2	9
Berki Sigurjónsson	Laser 4.7	Nökkvi	4	5		3	2	3	17
Huldar Hlynsson	Laser 4.7	Ýmir	5	4		4	4	4	21
Rúnar Steinssen	Finn	Pytur	2	3	3	5	11		24
Jón Ólafur Jónsson	Laser standard	Nökkvi	6	6	5		6	5	28
Jón Orri Aronsson	Topper Topas	Brokey		9	4	7	7	7	34
Einar Ingi Guðjónsson	Topper Topas	Brokey		11	11	9	5	6	42
Guðmundur									
Aðalsteinn Jens Loftsson	29er	Ýmir	7	7	8	11	11		44
Eyþór Pétur Aðalsteinsson									
Gunnar Kristinn Óskarsson	29er	Brokey	8	8	9	11	11		47
Gunnar Hlynur Úlfarsson									

Laser Radial

Þorlákur Sigurðsson	Laser radial	Nökkvi	1	1	2	1		1	6
Sigurður Sean Sigurðsson	Laser radial	Nökkvi	3	2	1		1	2	9
Stefán Ármann Hjaltson	Laser radial	Nökkvi	4	3	3	4		4	18
Hulda Lilja Hannesdóttir	Laser radial	Brokey	5	4	4	2		3	18
Lilja Gísladóttir	Laser radial	Nökkvi	2	5	5		2	5	19
Tómas Zoega	Laser radial	Ýmir		6	7	3	3	6	25
Baldvin Ari Jóhannesson	Laser radial	Ýmir	6		6	7	4	7	30
Arnar Freyr Kristinsson	Laser radial	Pytur	7		8	8	5	8	36

Laser 4.7

1	Hrefna Ásgeirsdóttir	Brokey
2	Huldar Hlynsson	Ýmir
3	Tómas Zoega	Ýmir
4	Jón Orri Aronsson	Brokey

Laser Radial

1	Þorlákur Sigurðsson	Nökkvi
2	Sigurður Sean Sigurðsson	Nökkvi
3	Hulda Lilja Hannesdóttir	Brokey
4	Arnar Freyr Kristinsson	Pytur

Opinn flokkur

1	Björn Heiðar Rúnarsson	Nökkvi	Laser Standard
2	Ásgeir Kjartansson, Atli Ákason	Brokey	Topper Topas



Lokamót kæna 2013

Optimist

1	Porgeir Ólafsson	Brokey
2	Andrés Núi Arnarsson	Brokey
3	Steindór Máni Auðunsson	Pytur
4	Máni Hrafn Stefánsson	Pytur
5	Bergþór Bjarkasson	Pytur
6	Bergur Magnússon	Pytur



Opnunarmót kjölbáta

Bátur	Sigldur tími	Leiðréttur tími	Sæti
Dögun	2:45:33	2:19:14	1
Sigurvon	2:31:00	2:22:42	2
Ögrun	2:30:08	2:30:44	3
Ásdís	3:31:20	2:54:21	4
Perna	3:16:04	3:06:04	5



Hátið hafsins

1	Dögun	Brokey
2	Ögrun	Brokey
3	Icepick 2	Pytur
DSQ	Flóin	Brokey

Þjóðhátiðarmót

1	Dögun	Brokey
2	Sigurvon	Brokey
3	Icepick 2	Pytur
4	Ögrun	Brokey

Faxaflóamót

1	Dögun	Brokey
2	Sigurvon	Brokey
3	Perna	Pytur
4	Ásdís	Brokey
5	Lilja	Brokey



Sumarmót

Féll niður vegna þátttöku leysis



Íslandsmót kjölbáta

Röð	Bátur	félag	keppni 1	keppni 2	keppni 3	keppni 4	keppni 5	keppni 6	keppni 7	keppni 8	Samtals
1	Dögun	Brokey	1	1	1	(7)	1	3	2	2	11
2	Sigurvon	Brokey	2	2	2	(6)	2	1	1	1	11
3	Ísmolinn	Pytur	5	(6)	4	1	5	4	4	4	27
4	Perna	Pytur	3	(7)	7	5	4	2	3	3	27
5	Ögrun	Brokey	(6)	4	3	2	6	5	5	5	30
6	Icepick 1	Pytur	4	3	5	4	3	(6)	6	6	31
7	Icepick 2	Pytur	7	5	6	3	7	7	(9/DNS)	9/DNS	44
8	Ásdís	Brokey	8	8	8	8	(9/DNS)	9/DNS	9/DNS	9/DNS	59



Lokamót kjölbáta

Bátur	Seglanr.	Skipstjóri	Félag	Forgjöf	Tími	Umr.tími	Sæti
Dögun	ISL1782	Magnús Arason	Brokey	0.841	1:50:32	1:32:58	1
Ögrun	ISL9800	Niels Chr. Nielsen	Brokey	1.004	1:39:22	1:39:46	2
Sigyn	ISL9837	Hannes Sveinbjörnsson	Ýmir	0.95	1:45:25	1:40:09	3

Íslandsbikar 2013

Sæti	Bátur	Opnunarm.	Faxaflóam.	Íslandsm.	Lokamót	Samtals
1	Dögun	10	10	10	10	40
2	Sigurvon	8	8	8		24
3	Ögrun	6		4	8	18
4	Perna	4	6	5		15
5	Ásdís	5	5	1		11
6	Ísmolinn			6		6
7	Sigyn				6	6
8	Lilja	0	4			4
9	Icepick 1			3		3
10	Icepick 2			2		2

SIGLINGASAMBAND ÍSLANDS



Lög SÍL

Lög Siglingasambands Íslands (SÍL)

1 Skipulag.

1.1 Sambandið heitir Siglingasamband Íslands skammstafað SÍL. Það er æðsti aðili innan Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) um alla þætti siglinga og málefnum þeim tengdum.

1.2 Heimili og varnarþing Siglingasambandsins er í Reykjavík.

1.3 Öll félög innan ÍSÍ sem leggja stund á siglingar undir seglum, árum, drekum eða vélarafi, eru aðilar að SÍL, með aðild að hlutaðeigandi héraðssambandi eða íþróttabandalagi.

1.4 Tilgangur og markmið.

Auk hefðbundinnar keppni, æfinga og þjálfunar til líkamlegrar heilsuræktar, samanber lög ÍSÍ, er það í verkahring SÍL að sinna hagsmunamálum sem tengjast siglingum svo sem á sviði fræðslu-, réttinda-, öryggis-, samgöngu-, ferða og umhverfismála.

Önnur markmið eru:

Að hafa yfirstjórn og vinna að eflingu siglinga m.a. með fræðslu, útbreiðslu- og kynningarstarfsemi.

Að vera málsvari siglingamanna jafnt innanlands sem erlendis.

Að koma fram fyrir hönd siglinga gagnvart opinberum aðilum.

Að þýða alþjóðlegar kappsiglingareglur og gefa út.

Að setja nauðsynlegar reglur, löggilda dómara og keppnisstjóra, ráðstafa landsmótum og staðfesta met.

Efla siglingar sem tómstunda- og almenningsíþrótt.

2 Stjórnun.

2.1 Siglingasambandi Íslands er stjórnað af

a) Siglingaþingi

b) Stjórn SÍL

2.2 Reikningar SÍL skulu endurskoðaðir ár hvert af félagslegum skoðunarmönnum reikninga sem siglingaþing kys árlaga til eins árs í senn. Félagslægir skoðunarmenn reikninga mega ekki sinna öðrum störfum fyrir SÍL sem snerta fjármál. Þeir bera ábyrgð gagnvart siglingaþingi og skulu þeir eiga greiðan aðgang að öllu bókhaldi SÍL og er stjórninni skylt að veita þeim allar nauðsynlegar upplýsingar um fjármál og reikningshald þess. Felli siglingaþing framlagða reikninga fer fram yfirskoðun eftir reglum sem þingið setur. Að þeirri yfirskoðun lokinni skal boðað til aukabings (sbr. lið 5) sem tekur nánari ákvörðun um reikninga.

3 Siglingaþing.

3.1 Siglingaþing fer með æðsta vald í málefnum SÍL.

3.2 Siglingaþing sitja fulltrúar frá þeim aðilum sem mynda SÍL.

3.3 Þrjú fulltrúar koma frá hverju aðildarfélagi innan hvers héraðssambands eða íþróttabandalags.

3.4 Þingið skal haldið í febrúar ár hvert. Skal þingið auglýst eða boðað til þess bréflaga með 5 vikna fyrirvara og ítrekað síðar. Stjórn SÍL ákveður fundarstað.

3.5 Tillögur um lagabreytingar og málefni sem sambandsaðilar óska eftir að tekin verði fyrir á þinginu, skal tilkynna stjórn SÍL, bréflaga minnst 3 vikum fyrir þingið.

3.6 Eigi síðar en 2 vikum fyrir siglingaþing skal senda héraðssamböndum/ íþróttabandalögum og aðildarfélögum skrifleg fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þingið.

3.7 Siglingaþing er lögum eftir löglega hefur verið til þess boðað.

3.8 Á siglingaþingi hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt, en rétt til setu á siglingaþingi með málfrelsi og tillögurétt hafa:

a. a.stjórn SÍL

b. b.heiðursformaður og heiðursfélagar

c. c.framkvæmdastjórn ÍSÍ

d. d.fastráðnir starfsmenn SÍL og ÍSÍ

e. e.allir nefndarmenn SÍL

f. f.fulltrúi ráðuneytis íþróttamála auk þess getur stjórnin boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til.

3.9 Aðeins sá sem er í félagi, sem iðkar siglingar og er innan sér-ráðs eða héraðssambands/ íþróttabandalags er kjörgengur fulltrúi þess á siglingaþingið.

3.10 Allir fulltrúar skulu vera tilgreindir á kjörbréfi frá viðkomandi sambandsaðila og skal kjörbréfum skilað inn til stjórnarinnar eigi síðar en einni viku fyrir siglingaþing.

3.11 Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitun mála nema annað segi í lögum þessum um tiltekin mál eða málaflökka. Enginn fulltrúi getur farið með fleiri en 3 atkvæði og þá eingöngu fyrir þann aðila sér-ráðs eða sambands/ bandalags sem hann er fulltrúi fyrir á þinginu.

4 Dagskrá siglingaþings.

4.1.1. Formaður setur þing.

2. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar

3. Kjörinn þingforseti.

4. Kjörnir 1. og 2. þingritari

5. Ávörp gesta

6. Álit kjörbréfanefndar lagt fram og samþykktar

7. Kosning fastanefnda

a) Fjárhagsnefnd 3 manna

b) Laga og leikreglanefnd 3 manna

8. Lögð fram skýrsla stjórnar

9. Lagður fram til samþykktar endurskoðaður rekstrar og efnahagsreikningur liðins árs af félagslega kjörnum skoðendum reikninga félagsins.

10. Umræður um skýrslu stjórnar

11. Umræður um og samþykkt reikninga

12. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta fjárhagsár

13. Lagabreytingatillögur

14. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði

15. Önnur mál: Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið

16. Tillögur fjárhagsnefndar

17. Kosningar

a) Stjórn og varastjórn sbr 6 gr.

b) Tveir félagslega kjörnir skoðunarmenn

reikninga (sbr. lið 2.2).

c) Fulltrúa á íþróttþing í samræmi við reglur ÍSÍ

18. Þingslit

19. Allar kosningar gilda fram að kosningu á næsta siglingaþingi. Þær skulu vera skriflegar nema aðeins sé stungið upp á jafnmörgum og kjósa skal

4.2 Þingið getur með 2/3 atkvæða viðstaddra fulltrúa heimilað að tekið sé fyrir mál sem fram kemur eftir að dagskrá þingsins hefur verið send sambandsaðilum SÍL.

4.3 Árskýrsla SÍL, sem stjórnin skal leggja fyrir þingið, svo og ágrip af fundargerðum þingsins, skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ og sambandsaðilum SÍL, innan tveggja mánaða frá þingslitum.

5 Aukaþing

5.1 Aukaþing skal kalla saman með a.m.k. 3 vikna fyrirvara.

a) Eftir ákvörðun siglingaþings

b) Þegar a.m.k. 1/2 sambandsaðila óskar þess.

c) Að frumkvæði stjórnar SÍL

- 5.2 Tillögur um málefni sem óskast tekin fyrir á aukabingi skulu hafa borist stjórn SÍL minnst 14 dögum fyrir þingsetningu.
- 5.3 Eigi síðar en 6 dögum fyrir aukabing skal senda aðilum dagskrá þingsins.
- 5.4 Á aukabingi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti stjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin að eigin dómi orðið óstarfhæf.
- 5.5 Að öðru leiti gilda sömu reglur og um reglulegt siglingaþing.
- 6 Stjórn SÍL
- 6.1 Í stjórn SÍL eiga sæti:
- 5 menn.
Kosning fari þannig fram;
1 formaður
4 meðstjórnendur
3 varamenn

Fái fleiri en þeir sem kjósa á jafnmörg atkvæði, skal kjósa um þá á ný bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir ræður hlutkesti.

- Stjórn kys varaformann, ritara og gjaldkera úr sínum hópi.
- Varamenn taki sæti í stjórn í þeirri röð sem atkvæðamagn segir til um. Verði varamenn sjálfkjörnir taka þeir sæti í stjórninni í þeirri röð sem þeir voru tilnefndir.
- Ef formaður hættir á kjörtímabilinu tekur varaformaður sæti hans.

6.2 Stjórnin heldur fundi eigi sjaldnar en annanhvern mánuð. Formaður SÍL boðar stjórnarfundum og stýrir þeim.

6.3 Stjórninni er heimilt að ráða launað starfsfólk.

6.4 Aðsetur stjórnarinnar er í Reykjavík.

7 Starf stjórnar

7.1 Starf stjórnar SÍL er m.a.;

- Að framkvæma ályktanir siglingaþings
- Að annast rekstur sambandsins.
- Að vinna að eflingu siglinga.
- Að senda framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur og tilkynningar.
- Að líta eftir því að lög og leikreglur SÍL séu haldnar.
- Að setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.
- Að ráðstafa þeim styrkjum sem SÍL fær til umráða.
- Að koma fram erlendis fyrir hönd SÍL.
- Að sjá útgáfumál SÍL.

8 Sérráð

8.1 Siglinga- og róðrarsérráðin (héraðssamböndin) eru milliliðir milli félaga sinna og stjórnar SÍL. Í samráði við hlutaðeigandi héraðssambönd skal SÍL vinna að stofnun sérráða.

8.4 Stjórn SÍL hefur frjálstan aðgang að öllum siglingamótum og sýningum sem fram fara innan vébanda SÍL. Einnig á hún rétt á að sitja aðalfundi sérráða, Dómarafélaga og héraðssambanda sem eru aðilar að sambandinu.

9 Ýmis ákvæði.

9.1 Merki SÍL: merki siglingasambandsins er hvítt stórsegl og ár á bláum grunni.

9.2 Heiðursformann SÍL má kjósa á siglingaþingi, ef 4/5 mætttra fulltrúa samþykkja kjörið.

9.3 Heiðursformaður SÍL kemur fram fyrir hönd sambandsins, þegar stjórn þess eða formaður kunna að óska og fela honum það.

9.4 Heiðursfélaga SÍL má kjósa á siglingaþingi.

9.5 Heiðursfélagar hafa rétt til setu á siglingaþingum með mál-frelsi og tillögurétt.

10 Slit SÍL

10.1 Tillögur um að leggja SÍL niður má aðeins taka fyrir á lögmætu siglingaþingi. Til þess að samþykkja slíka tillögu þarf minnst 3/4 hluta atkvæða.

10.2 Hafi slík tillaga verið samþykkt skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þingskýrslunni og tillagan síðan láttin ganga til næsta reglulegs þings. Verði tillagan þá samþykkt aftur er það fullgild ákvörðun um að leggja SÍL niður.

10.3 Ráðstöfun eigna: Sé SÍL þannig löglega slitið, skal afhenda ÍSÍ eignir SÍL til varðveislu. Þar til annað siglingasamband verður stofnað og skulu þá eignir gamla SÍL renna til þess óskertar.

10.4 Lagabreytingar: lögum þessum verður ekki breytt nema á siglingaþingi og þá aðeins með 2/3 hlutum greiddra atkvæða.

Lög þessi voru samþykkt á 40. Siglingaþingi 23. Febrúar 2013

SIGLINGASAMBAND ÍSLANDS



Reikningar 2013

Skoðunarmenn:

Fríðrik Hafberg
Kristján Sigurgeirsson



Efnahagsreikningur

31.12.2013

Eignir	2013	%	2012	%	2011	%
Veltufjármunir						
Birgðir:						
Vörubirgðir	1.638.167	30%	2.905.657	40%	2.762.347	32%
	1.638.167	30%	2.905.657		2.762.347	
Skammtímakröfur:						
Viðskiptakröfur	1.431.950	26%	1.819.029	25%	1.760.971	20%
Viðskiptareikningur ÍSÍ	-		-		-	0%
	1.431.950	26%	1.819.029	25%	1.760.971	20%
Handbært fé:						
Bankainnistæður	2.460.485	44%	2.601.847	36%	4.150.035	48%
	2.460.485		2.601.847		4.150.035	
Eignir alls	5.530.602	100%	7.326.533	100%	8.673.353	100%

Skuldir og eigið fé	2013	%	2012	%	2011	%
Eigið fé:						
Þjálfunarsjóður	-	0%	-	0%	390.000	4%
Útbreiðslusjóður	-	0%	-	0%	1.250.000	14%
Óráðstafað eigið fé	2.786.785	50%	3.733.060	51%	6.376.264	74%
Eigið fé alls	2.786.785	50%	3.733.060	51%	8.016.264	92%
Skammtímaskuldir:						
Viðskiptaskuldir	2.743.817	50%	3.593.473	49%	657.089	8%
Viðskiptaskuldir alls	2.743.817		3.593.473		657.089	
Skuldir og eigið fé alls	5.530.602	100%	7.326.533	100%	8.673.353	100%



Rekstrarreikningur

1.1.2013 - 31.12.2013

Rekstrartekjur	2013	%	2012	%
ÍSí útbreiðslustyrkur	1.924.359	24%	1.686.234	19%
ÍSí Lottó	2.719.845	34%	2.191.157	25%
Styrkur frá stjórnvöldum	2.200.000	28%	1.770.152	20%
Styrkur frá einkaaðilum	418.220	5%	500.000	6%
Vörusala	313.030	4%	451.810	5%
IRC forgjafir	189.277	2%	234.687	3%
Námskeiðstekjur	147.500	2%	1.984.563	23%
Smáþjóðaleikar og erlendar keppnir	-	0%	-	0%
Rekstrartekjur	7.912.231	100%	8.818.603	100%

Rekstrargjöld

Launakostnaður	4.894.968	57%	8.431.112	64%
Leiga skrifstofu og skrifst.kostnaður	825.013	10%	741.798	6%
Fundir og mót erlendis	1.391.316	16%	1.064.733	8%
Fundir innanlands	227.356	3%	650.354	5%
Smáþjóðaleikar og erlendar keppnir	-	0%	759.334	6%
Kostnaður v/mótahalds	78.700	1%	42.600	0%
Námskeiðskostnaður	362.500	4%	856.813	6%
Kynningarkostnaður	488.196	6%	150.000	1%
Styrkir og gjafir	165.500	2%	261.510	2%
Kostnaður v/forgjafar	99.365	1%	147.363	1%
Félags- og aðildargjöld	45.160	1%	85.611	1%
Rekstrargjöld	8.578.074	100%	13.191.228	100%

Tap fyrir fjármagnsgjöld - 665.843 - 4.372.625

Fjármunatekjur 75.921 111.324

Vaxtagjöld og verðbætur - 15.184 - 21.903

Fjármunatekjur **60.737** **89.421**

Tap ársins **- 605.106** **- 4.283.204**

Áritun skoðunarmanna:

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn reikninga SÍL fyrir árið 2013 höfum yfirfarið reikningana og borið saman við fylgiskjöl og bókhaldsfærslur og höfum engar athugasemdir þar við

Reykjavík 22. feb. 2014

Friðrik Hafberg
(sign)

Kristján Sigurgeirsson
(sign)